

# NORÐURLJÓS

Fréttabréf Norðurláls

7. tbl. 15. júlí 2011. Ritstjórar: Raket Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Brian D. Marshall, Bjarni I. Björnsson, Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Sverrir Guðmundsson, Ásmundur Jónsson og Jóhanna Árnadóttir. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir o.fl.



## Heilsuárið í sumar

- Samkomudagar á Hlöðum í Hvalfirði 17., 31. júlí, 14. og 28. ágúst  
Nánari upplýsingar á [nordural.is](http://nordural.is) og á Facebook
- Sumarganga Norðurláls 5. júní – 15. september  
Ertu búin/n að skrá þig á [ganga.is](http://ganga.is)?
- Viltu prófa sjósund? Kynningartímar í Reykjavík og á Akranesi  
Nánar auglýst síðar
- Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum 29.-31. júlí  
50% afsláttur af þátttökugjöldum fyrir börn starfsmanna Norðurláls  
Nánari upplýsingar á [umfi.is](http://umfi.is)



*Eins og sjá má var mikið stuð á fólki á sumaráhátíðinni á Hellishólum sem haldin var hvítasunnuhelgina 10.- 12. júní. Frá vinstri: Scott, Lárus Hjaltesteð, Sigþór Hreggviðsson og Birna Björnsdóttir. Sjá má fleiri myndir Ásu Birnu frá hátíðinni í opnu blaðsins.*

## Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

### Kæru samstarfsmenn

Sumarið fer mjög vel af stað í framleiðsludeildunum sem og annars staðar í fyrirtækinu. Fyrstu hópar starfsmanna hafa þegar tekið sumarfrí og sumararfleysingastarfsmenn fyllt þeirra skörð. Þeir eru að standa sig með miklum ágætum og hafa nú þegar náð góðum tókum á framleiðslustörfum, viðhaldsstörfum og öðrum verkefnum sem þeir sinna víðs vegar um fyrirtækið. Það er greinilegt að þjálfun nýliða hefur verið markviss og nákvæm og að sumarstarfsmenn hafa að sama skapi sýnt metnað í að öðlast færni. Öll verk eru unnin

af natni og á réttum tíma sem skilar sér í góðri framleiðslu og verkum. Straumnýttin í júní var 94,5% og var framleiðslan vel yfir áætlunum. Heitir sumardagar geta verið mikil áskorun fyrir starfsmenn – ekki síst í kerskálunum – og er mikilvægt að þeir hugi vel að heilsu sinni og passi að mæta vökvatapi í heitu umhverfi með því að drekka reglulega vatn eða djús. Júnímánuður gekk vel í öryggismálum hjá okkur. Alls voru 64 tilkynningar sendar út í júní sem er raunar óvenju mikið. Það þarf ekki að vera neikvætt þegar sendar

eru út margar tilkynningar en í júní voru 33 tilkynningar um varhugaverðar aðstæður eða atburði. Þessar tilkynningar sýna okkur að starfsmenn eru á varðbergi og hafa árverknina í farteskinu við störf sín. Eins og þið munið hófst júnímánuður á tveimur skráningarskyldum óhöppum en síðan hafa starfsmenn allir tekið höndum saman um að gæta öryggis síns og annarra. Öryggisvístalan, sem sýnir okkur framgang öryggismála, hefur sem betur fer verið á niðurleið allan mánuðinn en hana má sjá á upplýsingaskjáum víðs vegar um svæðið.

# Réttar og örugggar venjur

Öll þurfum við aðstoð einhvern tíma. Hvort sem það er aðstoð við erfitt verkefni, sérstakar leiðbeiningar um nýtt verk sem við erum óvön að vinna eða sérfræðihjálpar varðandi meðhöndlun hættulegra efna eða búnaðar.

Mikilvægust er sú aðstoð sem við veitum nýju starfsfólki í upphafi því þau munu þróa með sér vana sem mun fylgja þeim allan starfsferilinn. Þess vegna þurfa byrjendur að læra réttustu og öruggustu handtökin og aðferðirnar strax í upphafi þannig að þeir hafi góðan grunn að byggja á frá upphafi.

Athugulir stjórnendur og starfsmenn vita að við erum öll vanaföst og þeir vita hvernig hægt er að láta vanafestuna vinna fyrir sig:

- Réttar venjur draga úr mistökum sem gætu kostað mannlíf.
- Réttar venjur leiða starfsmenn alla vaktina og firra þá ráðleysi og óöryggi sem getur valdið slyshættu.
- Réttar venjur geta byggt upp varabirgðir af athygli og orku sem gerir starfsmenn betur vakandi fyrir hættum.
- Réttar venjur eru afkastaukandi, minnka tímaeyðslu og gera sérhvert verk auðveldara.



Réttar venjur eru uppbyggilegar og gera verk að vanaverkum. Með réttum venjum getur meira að segja oft skapast umfram tími sem nota má til að finna leiðir til að vinna gott verk á öruggari, afkastameiri og ánægjulegri hátt.

Best af öllu er samt að gera verkin rétt strax í upphafi og síðan alltaf. Ekki eingöngu til að gera starfið öruggara, árangursríkara og

meira fullnægjandi heldur einnig til að skapa góðan og vinsamlegan starfsanda meðal samstarfsmanna.

Þegar þú leggur þig fram um að bæta samstarf og liðsanda ert þú að hlúa að mikilvægri venju og veita um leið gott fordæmi fyrir samstarfsmenn þína.

**Trausti Gylfason öryggisstjóri**


# Skráning eigna í SAP

Nú er í gangi vinna við lagfæringu á skráningu eigna í SAP (eignatré). Í upphafi þeirrar vinnu var gerð

verklýsing, sem lýsir skráningu og uppfærslu eignatrés. Þessi leiðrétting miðar að því að uppsetning sé eins fyrir allan búnað

verksmiðjunnar og að allur búnaður sé skráður. Það auðveldar skráningu verka og að bilanir séu skráðar á réttan búnað. Nákvæmari skráning auðveldar greiningu bilana og þar með lausna til að gera búnaðinn áreiðanlegri. Nú er lagfæring langt á veg komin á eignatrénu fyrir kælivatnskerfi rafveitu. Jafnframt er hafin lagfæring fyrir raflausnarendurvinnslu og haglablástursvélar í skautsmiðju, en fyrir sum svæði þarf aðeins að gera minniháttar lagfæringar. Það er síðan áriðandi að halda eignatrénu réttu, bæta inn nýjum búnaði um leið og hann er tekinn í notkun og taka út búnað sem ekki er lengur í notkun. Síðan verða varahlutir tengdir við búnaðinn í eignatrénu, þannig að allir varahlutir sem til eru á lager fyrir viðkomandi búnað séu auðfundnir og ekki þurfi að eyða tíma í leit að þeim. Einnig verður hægt að sækja viðhaldsleiðbeiningar í gegnum eignatréd. Hér til hliðar er mynd sem sýnir uppbyggingu eignatrés fyrir sjóðælu þar sem búið er að tengja nokkra varahluti við.

**Snæbjörn Kristjánsson,**  
sérfræðingur í áreiðanleikaviðhaldi





# Að gefnu tilefni

Undanfarið hefur verið fjallað um málefni fyrrum starfsmanns Norðuráls sem kom að vinnuslysi hjá fyrirtækinu, veitti aðstoð á vettvangi og gerði síðar kröfur á hendur tryggingafélaginu Sjóvá um bætur vegna meiðsla sem af hefðu hlotist. Þó að Norðurál fylgi þeirri meginreglu að tjá sig ekki um málefni einstakra starfsmanna, er vert að varpa ljósi á nokkrar staðreyndir sem hafa misfarist í umræðunni.

Tilgangur kröfunnar er í raun aðeins að að fá viðurkenningu á bótaskyldu samkvæmt tryggingaskilmálum. Engin ósk um aðstoð, greiðslur eða annað hefur borist til Norðuráls nema í umræddri stefnu. Hvorki maðurinn sjálfur, lögmaður hans eða fulltrúar frá Verkalýðsfélagi Akraness (sem skv. frásögn mannsins hafði málið hjá sér í um 2 ár) hafa komið beint að máli við Norðurál vegna málsins á þeim 5 árum sem liðin eru síðan hann hætti störfum hjá Norðuráli og réði sig til annarra starfa.

Starfsmaðurinn sem kröfuna gerir starfaði hjá Norðuráli á árunum 2005 og 2006. Umrætt atvik varð í september 2005 og var tilkynnt til allra hlutaðeigandi aðila, þar á meðal til Vinnueftirlitsins. Áður hafði maðurinn verið frá vinnu vegna bakvandamála þannig að þetta var ekki í fyrsta sinn sem hann var frá vinnu vegna slíks. Starfsmaðurinn lét að eigin ósk af störfum hjá Norðuráli í árslok 2006 og réði sig þá til annarra starfa. Starfsmaðurinn tilgreinir í uppsagnarbréfi ástæður þess að hann vildi láta af störfum og koma þær umræddu

atviki eða bakmeiðslum hans ekki við. Starfsmaðurinn fyrrverandi hafði ekki óskað eftir neinu frá Norðuráli né gert neina kröfu um bætur frá fyrirtækinu fyrr en málið fór fyrir héraðsdóm í lok síðasta árs og það mál snýst í raun einvörðungu um bótaskyldu samkvæmt tryggingum Norðuráls.

Í janúar 2009, ríflega tveimur árum eftir starfslok, gerði hann kröfu til Sjóvár um bætur vegna meiðsla í baki á grundvelli trygginga Norðuráls. Sjóvá hafnaði kröfu mannsins og í kjölfarið var málinu skotið til úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum sem komst að sömu niðurstöðu.

Í desember síðastliðnum var málinu vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur og þar voru Sjóvá og Norðurál sýknuð af kröfu stefnanda nú fyrr í þessum mánuði. Þannig hefur tvívegis verið fjallað um málið á hlutlausum vettvangi, hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og hjá úrskurðarnefndinni, og í bæði skiptin er niðurstaðan sú sama. Dómsmálið snerist alfarið um það hvort maðurinn fengi greiddar bætur samkvæmt tryggingum sem Norðurál kaupir hjá Sjóvá en um er að ræða slysatryggingu launþega og ábyrgðartryggingu vinnuveitenda. Skilmálar þessara trygginga eru nákvæmlega eins og hjá öðrum fyrirtækjum enda eru tryggingarnar m.a. ákveðnar í samráði við viðkomandi stéttarfélög. Starfsfólk Norðuráls nýtur að öllu leyti sömu eða meiri trygginga og almennt gerist hjá fyrirtækjum á Íslandi. Hér

á landi gefst almennt ekki kostur á að kaupa tryggingar sem eru án þeirra skilmála sem á strandar í þessu tilviki.

Sjóvá tók sjálfstæða ákvörðun um afstöðu til tryggingakrafna stefnanda. Ekkert samráð var haft við Norðurál um afgreiðslu málsins af hendi Sjóvár að öðru leyti en því að Norðurál hefur látið málsaðilum í té upplýsingar um málsatvik. Norðurál hefur að öðru leyti enga beina aðkomu að þessum málaferlum enda fjalla þau eins og áður sagði um túlkun skilmála trygginga sem fyrirtækið kaupir.

Það er engin tilviljum að það er brýnt fyrir starfsfólki Norðuráls á öryggisnámskeiðum og við önnur tækifæri, að gæta alltaf eigin öryggis, jafnt í vinnutíma sem í frítíma, og þekkja áhættuþætti við sín störf. Þetta á alltaf við og þá ekki síst við þegar veita þarf aðstoð á slyssað.

Sú umfjöllun sem þetta atvik og dómur Héraðsdóms hefur fengið hefur vakið margar spurningar. Umfjöllunin fjölmiðla er ekki alltaf nákvæm og það á því miður við í þessu tilviki. Ýmsir sem kosið hafa að tjá sig um málið í fjölmiðlum hafa greinilega ekki kynnt sér það, þar á meðal forsvarsmenn í verkalýðshreyfingunni. Slíkt leiðir einungis af sér rangfærslur og upphrópanir.

Ég vona að með því sem hér hefur verið sagt skilji fólk málsatvik betur. Ég vil líka hvetja ykkur til að ræða málið við stjórnendur hjá Norðuráli ef frekari spurningar vakna.

*Gunnar Guðlaugsson*



A sveit Norðurláls sem lenti í öðru sæti á Stóriðjumótinu sem haldið var á Garðavelli á Akranesi 18. júní síðastliðinn. Frá vinstri: Vilhelm Jónsson, Bjarki Georgsson, Kristvin Bjarnason og Alexander Högnason.

## Stóriðjumót í golfi

Stóriðjumótið í golfi 2011 var haldið á Garðavelli á Akranesi 18. júní síðastliðinn. Norðurlál sendi þrjú fjögurra manna lið til leiks að þessu sinni. A sveit Norðurlálsmanna lenti í öðru sæti á mótinu en hana skipuðu Alexander Högnason, Bjarki Georgsson, Kristvin Bjarnason og Vilhelm Jónsson. Stóriðjumótið er eins og nafnið gefur til kynna golfmót milli stóriðjufyrirtækja. Þetta mót hefur verið haldið árlega frá 1983 eða 1984. Fyrstu árin voru það Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðjan, Járnblendin og Ísal sem skiptust á að halda mótið og keppa sín á milli. Árið 1999 tók Norðurlál fyrst þátt í mótinu og

hefur verið með allar götur síðan. Ísal hefur hampað titlinum oftast og var hægt að tala um einokun á tímabili en nú seinni ár hafa leikar jafnast og sjást nú önnur nöfn reglulega á bikarum. Norðurlál hefur unnið þennan eftirsóttu bikar tvisvar sinnum, fyrst árið 2008 og aftur árið 2010. Að þessu sinni voru það nágrannar okkar í Elkem sem fögnuðu sigri og er það kannski svolítill sárabót fyrir okkur að bikarinn yfirgaf ekki Grundartangasvæðið. Golfarar hjá Norðurláli eru staðráðnir í því að vinna þennan bikar til baka að ári og koma honum „heim“ á hilluna sína úti á lager.

*Bjarki Georgsson*



### Daglegt m(ál)

## Smiðshögg

Mörg orðtök og málshættir eiga uppruna sinn í atvinnuháttum landsmanna og eru smíðar þar engin undantekning. Minna má á orðtakið „fáir eru smíðir í fyrsta sinn“. Æfingu og reynslu þarf til að verða fullnuma.

Að reka smiðshögg á eitthvað er oft sagt þegar um lokafrágang er að ræða. Gengið er endanlega frá verki. Kunnáttumaður hefur lagt blessun sína yfir það. Ekki verður betur að gert. Einnig er talað um „að leggja síðustu hönd á verk“. Þá er verkið fullbúið. Ennfremur „að leggja síðasta stein í hleðslu“ þegar hlaðinn er veggur eða grjótgardur.

Svipuð merking er í „að binda endahnút á eitthvað“, búa svo um hnútana að ekki rakni upp. Stundum blanda menn saman orðtökum og verður það á að segja „að reka endahnút á eitthvað“. Auðvitað bindum við eða hnýtum hnúta en rekum þá ekki.

*Trausti Gylfason*



## Verum úti í sumar

Sumarið er tækifæri til að njóta útiverunnar sem í leiðinni styður líkamlega, andlega og félagslega heilsu okkar. Útilegur eru mjög vinsælar á sumrin og eru þær góður kostur til að eyða tíma úti í náttúrunni með fjölskyldu og vinum. Góð tjaldsvæði eru víðs vegar um landið og því úr nógu að velja. Til að geta notið útilegunnar til fulls skiptir öryggið miklu máli og leitum við því til Slysavarnarfélagsins Landsbjargar um góð ráð. Inni á heimasíðu félagsins [www.safetravel.is](http://www.safetravel.is) eru ýmis góð ráð varðandi ferðalög og útivist. Hér gefur Slysavarnarfélagið Landsbjörg okkur góð ráð varðandi m.a öryggi á tjaldsvæðum.



# Auðæfin fólgin í fjölskyldunni

**E**in af þeim fyrstu sem nýliðar hjá Norðuráli kynna þegar þeir hefja undirbúning fyrir störf sín er Sigríður Kristín Rafnsdóttir eða „frú Sigríður“ eins og hún er jafnan kölluð af samstaðsmönnum sínum.

Sigga hefur frá sex ára aldri búið í Borgarfirði ef undan eru skilin tvö ár sem hún bjó fyrir austan fjall, nánar tiltekið í Biskupstungum á unglingsárum.

Hún býr ásamt eiginmanni sínum, Einari Hannessyni, á Kambshóli í Svínadal en þar hafa þau búið síðan 1996. Saman eiga þau fjögur börn, níu barnabörn og nýlega bættist fyrsta langömmubarnið í fjársjóðskistu þeirra hjóna. „Ég hef búið og starfað hér í Hvalfirðinum bráðum tuttugu ár. Við byrjuðum á Þórisstöðum í Svínadal 1993 sem staðarhaldarar og vorum þar til ársins 1996 en þá keyptum við gamla

bæinn á Kambshóli og höfum búið þar síðan eða í fimmtán ár,“ segir Sigga.

## **Einskonar mamma**

Sigga hóf svo störf hjá Norðuráli árið 2002. Fyrstu fjögur árin var hún í kerfóðrun, en hefur síðan 2006 verið á lagernum. Auk hefðbundinna lagerstarfa hefur Sigga yfirumsjón með fatamálum starfsmanna í Norðuráli.

„Þetta getur stundum verið svolítið vanþakklátt starf þegar mikið er að gera og margir þurfa að fá afgreiðslu. En ég er alltaf að þroskast og maður lærir smátt og smátt inn á mannskapinn, auk þess sem hann veit að það er eins gott að hafa mig góða vilji þeir fá nýja sokka eða skó“ segir Sigga hlæjandi aðspurð um mórallinn á lagernum. „Ég er svona svolítið eins og

mamma þeirra hvað það varðar, sé um að þeir séu sæmilega til fara og gangi ekki í gatslitnum plöggum“.

## **Gamall draumur að rætast**

Það er ekki komið að tómunum kofanum þegar Sigga er spurð úti áhugamáli. Hún er meðal annars haldin ólæknandi veiðidellu og veit fátt skemmtilegra en að hlusta á og segja góða veiðisögu.

„Svo sauma ég mikið á mig og fjölskylduna. Hún er stór og fer sífellt stækkandi og ég er með matjurtagarð heima við sem ég senni eins vel og ég get. Þar sem sumarið hefur verið frekar kalt hefur sprettan farið hægt af stað. Aðalvinnan við að halda garðinum í standi felst í því að halda rollunum frá.

Svo er ég byrjuð að láta gamlan draum rætast en undanfarið hef ég verið að sækja námskeið í listmálun og prufa mig áfram, en það hefur mig langað að læra síðan ég var barn. Þetta tekur tíma að læra að beita penslinum en það kemur þótt ég sé rétt að byrja. Ætli ég verði ekki að fara að hætta að vinna til að geta sinnt þessu öllu“ segir þessi síunga langamma og hlær dátt.

Þegar Sigga er að lokum spurð hvað hún meti mest í lífinu stendur ekki á svörum „Fjársjóðirnir í mínu lífi eru að ég hef alltaf verið við góða heilsu og getað sinnt því sem mig langar til. Svo náttúrulega þessi stóra fjölskylda sem ég er svo lánsöm að eiga“.

## **Ertu búinn að skrá þig á ganga.is?**

Nú er verkefnið Sumarganga Norðurláls farið af stað og erum við mjög ánægð með viðtökurnar. Margir eru búnir að skrá sig í lið inn á [www.ganga.is](http://www.ganga.is) og komnir á fullt í hreyfingunni. Nú þurfa lið að ákveða saman hvaða góðgerðarfélag þau vilja styrkja en hvert lið getur styrkt allt að þrjú góðgerðarfélög. Við hvetjum ykkur öll til að skrá ykkur á [www.ganga.is](http://www.ganga.is), skrá þar inn hreyfingu ykkar og safna þannig áheimum til styrktar góðgerðarfélaginu sem þið veljið. Hvað eða hvern er hreyfingin þín að styrkja?



*Brian D. Marshall verkefnisstjóri Heilsuársins*

# Stórglæsilegt Norðurálsmót

Það voru kappsamir ungir drengir sem sóttu Akranes heim þjóðhátíðarhelgina 17.-19. júní síðastliðinn. Á mótinu keppa drengir í 7. flokki en markmiðið með mótinu er ekki að finna sigurvegara heldur að allir skemmti sér og njóti þess að spila knattspyrnu. Mótið hófst rétt fyrir hádegi þjóðhátíðardagsins, eins og ávallt með skrudgöngu frá bæjarskrifstofunum að Akraneshöllinni þar sem það var sett. Mikil stemning var í höllinni þegar Sandra Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá Norðuráli setti mótið. Að setningu lokinni hófst keppni og voru síðustu leikirnir spilaðir á sunnudagsmorgun, en því lauk á með grillsvaisu og verðlaunaafhendingu. Talið er að mótsgestir hafi verið í kringum sex þúsund og mátti sjá það á tjaldborginni sem reis á Kúttersflöt, Garðaf্লöt, í Kalmansvík og á fleiri stöðum í bænum. Á mótinu kepptu lið frá Akureyri, Höfn, Vestmanneyjum, Selfossi og auðvitað komu fjölmörg lið af höfuðborgarsvæðinu. Liðin voru alls 144 frá 26 félögum og er Norðurálsmótið því eitt stærsta knattspyrnumót á landinu. Allt fór þetta þróðmannlega fram og ekki skemmdi veðrið fyrir sem var milt og þægilegt til fótboltaíðkunar. Lárus Ársælsson í mótnefnd sagði að veðrið hafi verið sérstaklega gott í grillveislunni á sunnudeginum. „Við færðum grillveisluna, áður hafði hún verið við Grundaskóla, en nú var hún við völlinn. Fólk settist í áhorfendabrekkuna og naut góða veðursins. Þetta heppnaðist heilt yfir mjög vel,“ segir Lárus og ljóst er að Norðurál getur verið stolt af því að hafa verið aðalstyrktaraðili mótsins.



Hárprúðir Fjölnismenn fagna marki.

Ljósm. Bjarki Halldórsson



Svona ímynda fæstir sér slag erkifjendanna ÍA og KR, en ÍA stelpur léku sem gestalið þar sem vantaði lið í riðla.

Ljósm. Bjarki Halldórsson



Skagamaðurinn leitar að næsta liðsfélaga umkringdur FH-ingum.

Ljósm. gó.



# Sumarhátíðin á Hellishólum

Hvítasunnuhelgin 10.-12. júní var ein allsherjar skemmtun, en þá flyktust starfsmenn Norðuráls ásamt fjölskyldum sínum á hina árlegu sumarhátíð starfsmanna á Hellishólum. Fjölbreytt dagskrá var í boði að vanda, með leikjum, golfi, stangveiði, hestbaki, hoppuköstulum, dansiballi og ýmsu fleiru. Að sögn þeirra sem skipulögðu hátíðina hafa aldrei fleiri verið skráðir í kvöldverðinn á laugardeginum og þótti hátíðin öll takast einstaklega vel. Ása Birna Viðarsdóttir tók myndir á hátíðinni á Hellishólum og tala þær sínu máli um gleðina sem þarna ríkti.



# Vinningshafinn í öryggisslagorða samkeppninni

Þann 21. júní síðastliðinn voru kunnngjörð úrslit í slagorðasamkeppni starfsmanna sem blásið var til í apríl. Til upprifjunnar tóku starfsmenn þátt í keppninni til 1. maí og út maí máttu starfsmenn taka þátt í kosningu um besta öryggisslagorðið. Alls tóku um 130 starfsmenn þátt í keppninni en í slagorðunum átti að koma fram hvernig starfsmenn gætu tryggt sér öruggan vinnudag.

Slagorðin voru af ýmsum toga, í þeim kom fram umhyggja fyrir fjölskyldunni og ábyrg afstaða til vinnu og vinnuumhverfis. Vinningshafinn kemur úr steypuskálanum, Axel Freyr Eriksón, ungur maður á D-vakt. Í vinning fékk hann iPad 64GB – 3G Wi/Fi, að verðmæti 150 þúsund krónur. Axel sendi inn um 30 öryggisslagorð og það sem starfsmenn kusu sem vinningslagorð er: „Vetur, sumar, vor og haust – Norðurál slysalaust“. Heyrst hefur að Axel hafi fengið atkvæði úr mörgum deildum þannig að slagorðið virðist hafa höfðað til breiðs hóps starfsmanna. Aðspurður sagði Axel að hann hafi notað vel vaktartörn eina helgina til að setja slagorðin saman.

„Það var rólegt í robotskýlinu og meðan maður horfði á hleifana fara framhjá þá var maður að setja þetta saman í kollinum. Eins spjallaði ég við vaktfélagara um þetta og sótti innblástur til



**Axel Freyr tekur við vinningnum úr hendi Leiknis Sigurbjörnssonar, öryggistrúnaðarmanns kerskálanna. Milli þeirra stendur Sigurjón B. Sveinsson öryggistrúnaðarmaður iðnaðarmanna.**

þeirra. Fór síðan með allt heim, velti vöngum yfir þessu og skellti að lokum öllu á blað sem mér kom í hug. Ég hafði ákveðna hugmyndafræði til að styðjast við en það er stefna um uppeldi til ábyrgðar sem ég hef verið að læra í Kennaraháskólanum,” sagði Axel en hann er þar

í fjarnámi. Hann sagðist hafa orðið undrandi á því að hafa fengið atkvæði úr öllum deildum og þakkaði kærlega fyrir. Undirbúningsnefndina fyrir aprílátakið og slagorðasamkeppnina skipuðu öryggistrúnaðarmenn fyrirtækisins, starfsmenn af öryggissviði auk Árna Stefánsónar framkvæmdastjóra skautsmiðju og steypuskála sem var aðalhvatamaður verkefnisins og verndari. Öllum þeim fjölmörgu starfsmönnum sem tóku þátt í átakinu er þökkud þátttakan en slagorðin verða notuð í fréttabréfinu okkar.

## **Hér fyrir neðan eru slagorðin sem Axel Freyr sendi inn.**

Ég fer að öllu með gát. Ég nota tækin rétt. Ég staldra við áður en ég framkvæmi. Ég er undirbúinn. Ég hætti mér ekki. Öryggi hér, hvar og hvenær sem er. Öryggi okkar vegna - öryggi okkar allra. Vetur sumar vor og haust - Norðurál slysalaust. Verkin segja meira en orðin. Dag og nótt, öruggt og skjótt. Stöðugt og öruggt. Varfærni og þolinmæði. Vertu örugg/ur hér, hvar og hvenær sem er. Samvinna, þolinmæði og virðing. Ekki brenna þig á mistökum. Ekki hanga í lausu lofti, biðdu um hjálp. Göngum hreint til verks. Ef þú sækist eftir hjálparhönd, mundu þá eftir þinni. Mörgum verður gætni að gagni. Þú stekkur ekki lengra en þú hugsar. Ein hætta bíður annarri heim. Margan hendir það er minnst varir. Frá kerri til ofns, ávallt skaltu með varúð vinna. Færni í framleiðslu. Ertu viss um að allt sé í lagi? Ertu klár? Er þetta rétt sem þú ert að gera núna? Vertu viss, vertu öruggur! Hvað bíður þín heima?

## Hver er?

**Nafn:** Steinunn Dögg Steinsen.

**Starf:** Sérfræðingur í umhverfismálum.

**Fæðingarstaður, -dagur:** Reykjavík 2. mars 1979.

**Fjölskylduhagir:** Er í sambúð með Kristbirni Helga Björnssyni, á með honum eina dóttur sem er eins árs.

**Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli?** 1. júní 2011.

**Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna?** Fjölskylda og barn, útivist, fjallgöngur og er að reyna að læra golf.

**Aðaláhugamálið?** Göngur.

**Uppáhalds matur?** Plokkfiskur.

**Uppáhalds drykkur?** Vatn.

**Ertu hjátrúafull/ur?** Nei held ekki.

**Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta?** Kleopötru.

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Fréttir.

**Besta bókin sem þú hefur lesið?** Karitas án titils eftir eftir Kristínu Maríu Baldursdóttur.

**Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á?** Cold play.

**Uppáhalds íþrótt eða hreyfing?** Hjóla mikið.

**Lýstu þér í þremur orðum?** Ákveðin, metnaðarfull og kaldhæðin.

**Fallegasti staður á Íslandi?** Við Garðakirkju á Álftanesi er einn ákveðinn punktur með útsýni yfir höfuðborgarsvæðið sem ég held mikið uppá.

**Til hvaða lands langar þig mest að ferðast?** Indlands.

**Framtíðarplön?** Að lifa lífinu lifandi.







## Punktur frá Helguvík

- Fjarveruslys varð þegar starfsmaður var að undirbúa að lyfta flekamóti. Hann steig 15 sm af steiptum flöt niður á mölina og hælbrotnaði við það. ÍAV ákvað að stöðva alla vinnu og fara yfir verklag og framkvæmdir. Vinnustöðvun varði í átta daga. Öryggisráðgjafi sem hefur þjónað Norðuráli í Helguvík kom á svæðið og hjálpaði til við þessa vinnu.
- Ákveðið hefur verið að byggja súrálssíló og uppskipunaraðstöðu í Helguvík í fyrsta áfanga. Súráli verður því ekki keyrt frá Grundartanga til Helguvíkur eins og áður var ráðgert.

### Aðgát á tjaldstæðum

#### Akstur

Tjaldstæðin eru leikvöllur barna og því er akstur þar einstaklega varasamur. Þegar komið er með tjaldvagn, hjólhýsi eða fellihýsi á tjaldstæði og nauðsynlegt er að bakka inn á svæðið er reglan sú að fullorðinn einstaklingur fer úr bílnum og fylgist með að enginn sé fyrir aftan. Akstur og áfengi eiga aldrei samleið.

#### Vatn

Börn eiga aldrei að leika sér án eftirlits fullorðinna í fjöru eða við ár, vötn og læki. Börn geta drukkað í nokkurra sm djúpu vatni og straumur getur auðveldlega tekið börn með sér.

#### Gasgrill

Gasgrill á eingöngu að nota utandyra. Munið að kveikja í grillinu um leið og skrífað hefur verið frá gasi. Ekki gleyma að skrífa fyrir gasið á kútnum að notkun lokinni.

#### Börn í nýju umhverfi

Nýtt umhverfi er spennandi en í því geta líka leynst hættur. Því þurfa foreldrar alltaf að kanna það vel með börnunum. Fjallgöngur, klettaklifur og skógarferðir eru skemmtilegar þegar fullorðnir eru með, án fullorðinna eru þær hættulegar. Börn gleyma sér auðveldlega í nýju umhverfi og því þurfa foreldrar stöðugt að fylgjast með þeim og vita hvar þau eru. Kennið börnunum að þekkja tjaldið eða hjólhýsið sem þið eruð í til að koma í veg fyrir að þau fari inn í röng tjöld.

#### Hitagjafir

Notið ekki gas inni í lokuðu rými, án þess að vera með gas- eða súrefnisskynjara. Skiptið um eldsneytiskút utandyra, fjarri opnum eldi. Fylgist ávallt vel með primusi sem er í notkun og farið ekki að sofa fyrr en slökkt hefur verið á honum.

#### Kolagrill

Eru eingöngu ætluð til notkunar utandyra. Ekki má sprauta grillolíu á kol sem kveikt hefur verið upp í. Gangið tryggilega frá grillinu eftir notkun þar sem hvorki börn né ferfætlingar geta komist í þau. Munið að lengi lifir í gömlum glæðum.

Farið varlega !



NORÐURÁL  
got Talent



Við leitum að þér

**Nú er aftur komið að því að sýna hvað í ykkur býr !  
Í fyrra var það skautsmiðjan – hverjir verða sigurvegarar í ári?**

**Nú er farið að stytast í árshátíðina. Hún verður haldin í Gullhömrum í Grafarholti 15. okt. nk.**

**Það er ekki seinna vænna að fara að leggja drög að vinningsatriðinu í ár.**

#### Reglur:

- Atriðið verður að vera "life"
- Lengd atriðis má vera allt að 3 mínútur.
- Atriðið má samanstanda af hverju sem er: dans, grín, búktal, töfrabrogð, hljómflutningur óhefðbundinna hljóðfæra o.s.frv. Everything goes .... svo lengi sem það er innan siðsamlegra marka og uppfyllir öryggiskröfur.



## Spurning dagsins

Er gaman á Hellishólum? Hefur þú komið oft áður?



**Bjarni Ingi Björnsson:** Meiriháttar gaman, þetta er í þriðja skipti sem ég kem hingað.



**Oddný Hjálmsdóttir:** Já, gæðveikt gaman, búið að koma einu sinni áður.



**Ólafur Friðriksson:** Geggjað gaman, er að koma í fjórða sinn.



**Elvar Grétarsson:** Búið að vera mjög gaman, hef ekki komið hingað áður.



**Emil Hilmarsson:** Já mjög gaman, hef komið þrisvar áður.



## Í þá gömlu góðu...

Kaldan vetrarmorgun þann 15. febrúar 2006 kl. 9 var fasi 3 formlega tekinn í notkun hjá Norðuráli og var fjölmenni á opunarhátíðinni. Hún var haldin í Núllinu, vesturenda kerskála D þar sem margt var um manninn og mörgum tignum gestum boðið til hátíðarinnar.

Að þessu sinni birtast tvær myndir frá eftirminnilegum viðburði sem fjallað er um í þessum þáttum. Á efri myndinni er friður hópur kvenna sem voru viðstaddar opnunina en á neðri myndinni sést yfir hóp hátíðargesta. Í ræðustól er Richard Starkweather, fyrrum forstjóri Norðuráls á Grundartanga. Eftir opnunina var blásið til mikillar veislu sem haldin var í gömlu tréskúrunum sem þá voru og hétu, en einn þeirra er enn í

notkun, kallaður ferðaskrifstofan sem verkvirkjarnir okkar eru nýlega fluttir úr.

Í hópnum eru frá vinstri talið: Halla Katrín Svölu- og Arnardóttir HRV, Harpa Kristjánsdóttir sem var starfsmaður í rafgreiningu, Bryndís Jónsdóttir af fjármálasviði, Valdís Jakobsdóttir af mannauðssviði, Svala Benediksdóttir ræstingum, Lára Björgvinsdóttir fv. starfsmaður rannsóknarstofunnar, Dúna starfsmaður ISS, Sigríður E. Blumenstein fv. starfsmaður fjármálasviðs, Helga Magnúsdóttir og Jenný Sigurðardóttir báðar starfsmenn ræstinga, Guðfinna Indriðadóttir af fjármálasviði, en við berum ekki kennsl á þá sem er lengst til hægri.

**Trausti Gylfason**



# Sjósund - maður eða mús?

Þegar við nokkrir félagarnir hófum sjósundsíðkun fyrir níu árum, hefðum við verið lokaðir inni ef við hefðum sagt það nokkrum manni. Það sem helst vakti undrun að fara í sjó sem var undir 0°C. Í dag er enginn maður með mönnum nema hann dembi sér endrum og sinnum í sjóinn. Spurningin er um að vera maður eða mús. Til að hefja sjósund er best að velja sér féлага til að fara með eða mæta í Nauthólsvík og biðja um fylgd í fyrsta skiptið.

## Hvað gerir sjórinn fyrir mann?

Það er misjafnt milli einstaklinga. Rússar hafa trú á sjóböðum. Þar tíðkast að setja smábörn í vakir til að styrkja þau. Flestir sem hefja sjósund tala um hvað húðin verður mjúk og öndunin styrkari. Fólk verði ekki eins næmt fyrir kvefi og umgangspæstum. Það bætir ónæmiskerfið. Stærsti ávinningurinn er þó að þora. Það er sigur í hvert skipti. Sælan og vellíðanin sem á eftir fylgir er ólýsanleg. Stöðugur þægilegur hiti, kuldatilfinning hverfur, afstaða til veðurs verður



jákvæðari, bólgur hverfa, heilsan batnar og hugarfarið eflist.

Jákvæð áhrif sjávar hafa margir uppgötvað og því var stofnað félag sjósundsfólks. Það telur

nú 350 manns. Félagið stendur fyrir mótum, sundkennslu, fyrirlestur, skemmtunum og ferðalögum; sjá sjor.is. Stofnaðir hafa verið klúbbar um landið og á vinnustöðum, svo sem á Borgarspítalanum, í Íslandsbanka, hjá Símanum og Fjármálaeftirlitinu.

Ísland hentar vel fyrir sjósund. Hér eru margar fallegar strendur með fjallasýn. Meðal skemmtilegra staða eru: Garðskagi, Stykkishólmur, Drangsnæs, Hvammsvík, Skerjafjörðurinn, Nauthólsvík og Langisandur. Íslendingar eiga líka elsta hefðbundna sjósundið í heiminum, Drangeyarsund. Önnur hefðbundin sund eru: Viðeyarsund, Skerjafjarðarsund, Bessastaðasund, Fossvogssund og Hríseyarsund svo einhver séu nefnd.

Alltaf þarf að fara með gát. Helst ekki að synda einn og gæta að straumum. Sjöunda júlí gerði Árni Þór Árnason tilraun til að verða annar Íslendingurinn til að synda yfir Ermarsund.

**Benedikt Hjartarson**  
**formaður sjósunds- og sjóbaðsfélags**  
**Reykjavíkur**



## Veiðifélag Norðuráls

Starfsmenn Norðuráls hafa verið nokkuð duglegir að stofna klúbba eða félög um áhugamál sín. Veiðifélag Norðuráls er eitt þeirra. Mikil gróska er í veiðimennsku hjá starfsmönnum Norðuráls. Til dæmis er Starfsmannafélag Norðuráls með veiðileyfi í Oddastaðavatni, Svínavatni og Hólmavatni. Hægt er að nálgast veiðileyfin á lagernum. Stjórn Veiðifélags Norðuráls er skipuð eftirtöldum: Hjálmar Jónsson er formaður, Birna Björnsdóttir vaktstjóri er ritari og meðstjórnendur eru Sigurður Hauksson

og Sigþór Hreggviðsson. Í dag eru skráðir félagar 24 og er félagsgjaldið 2000 krónur á ári.

Hjálmar Jónsson formaður svaraði nokkrum spurningum um veiðifélag Norðuráls. Hjá honum kom fram að veiðifélagið stendur fyrir einni veiðiferð á hverju sumri, þá er farið í 3-4 daga ferð í Veiðivötn. Þetta sumar verður farið 17.-20. júlí og er félagið með 16 stangir í vötnin þessa daga. Svo var boðið upp á tveggja daga flugukastnámskeið síðastliðið vor. Tíu manns mættu og lærðu

að kasta inni í hlýjunni í íþróttarhúsinu á Jaðarsbökkum á Akranesi. Kennari var hinn reyndi veiðimaður Jóhann Ragnarsson. Einnig sér veiðifélagið um rekstur og leigu á fjögurra manna sportbáti með utanborðsmótor. Báturinn er aðeins leigður til félagsmanna og kostar sólarhringurinn 2500 krónur. Allar nánari upplýsingar um veiðifélagið er hægt að nálgast hjá Hjálmar í síma 664 8507.

**Sverrir Þór Guðmundsson,**  
**vaktstjóri í skautsmiðju**



## Aukin loftgæði og öryggi með þjónustukrönum

EL í Frakklandi mun framleiða þjónustukrana í kerskál Helgúvíkur. Kranarnir verða byggðir upp á hefðbundinn hátt og verða með áföstum stjórnklefa. Þegar allir starfsmenn verða fullþjáfaðir í notkun krananna geta þeir skipt

jafnt á um verkin; að stjórna krönum eða vinna á gólfinu við að opna kerþekjur o.þ.h. Þetta er ekki síst mikilvægt meðan á kerræsingum stendur og flúorstyrkur er örliðið hærri en venjulega. Þá er kranastjórnin varinn gegn raflausnarslettum við skautskipti, hvort sem þær

stafa af lokun skóflunnar, frá raflausnarmola sem dettur í fljóttandi baðið eða vegna raka í forskauti sem geta framkallað gufusprengingar.

### Kranarnir verða notaðir í eftirtalin verk;

- Skautskipti**
- Þekjun skauta með þekjuefni (ACM)**
- Skautbrúarlýftingu**
- Áltöku**
- Raflausnartöku**
- Áfyllingu AIF3, með lausum sílóum sem hengd eru í kranana**

Kranarnir eru búnir loftþjöppu og aðeins í fasa 1 (fyrstu 90 kerin) verða loftúttök á veggjum fyrir áltöku til vara. Loftúttök verða á hverri keryfirbyggingu fyrir handverkfæri. Fyrir þessi 90 ker verða 4 þjónustukranar en enginn færsluvagn. Hann kemur í fasa 2 (næstu 90 kerin) svo og á kranaverkstæðið. Viðgerðaraðstöðu fyrir kranana verður komið fyrir í báðum endum kerskála A og B.

*Willy Kristensen*

